

Minnisblað

Til: leikskólanefndar.

Varðar: Fulltrúar í leikskólanefnd.

Minnisblað þetta er tillaga að breytingum á setu fulltrúa starfsfólks leikskóla, fulltrúa foreldra, fulltrúa dagforeldra og fulltrúa leikskólastjóra í leikskólanefnd.

Lagt er til að fulltrúi starfsfólks, foreldra, dagforeldra og leikskólastjóra sitji eitt ár í leikskólanefnd frá 1. ágúst til 31. maí. Þeir sem eiga fulltrúa eru leikskólar Garðabæjar og er farið eftir starfófsröð leikskóla þegar valið er hver eigi fulltrúa næsta starfsár. Leikskólastjóri og fulltrúi starfsfólks meiga ekki koma frá sama skóla. Við tilnefningu á fulltrúum skal einnig tilnefna varafulltrúa.

Úrdráttur úr lögum um leikskóla nr. 90/2008.

4. gr.

Nefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Leikskólastjórar, starfsfólk leikskóla og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.